

ÁRANGURSRÍKIR OG NÝJIR KENNSLUHÆTTIR

E-826-ANKE



Ár: 1. ár

Önn: Haustönn

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: E-713-NTHR Nám, þroski og rannsóknir

Skipulag: 6 vikna námskeið

Kennari: Rósa Gunnarsdóttir og Ásrún Matthíasdóttir

Lýsing: Meginviðfangsefni námskeiðsins eru fjölbreyttar aðferðir við kennslu. Fjallað verður um eiginleika árangursríkra kennsluhátta og rannsóknir að baki þeim. Kynntar verða mismunandi kennsluaðferðir, s.s. bein kennsla, samvinnunám, lausnamiðað nám (PBL) og uppgötvunarnám, nám sem nýtir upplýsingatækni og leiðir til að meta hvaða nálgun er viðeigandi hverju sinni. Sérstök áhersla verður á fjölgreindarkenninguna og einstaklingsmiðað nám, þ.e. hvernig hægt er að koma til móts við þarfir nemenda með mismunandi bakgrunn, námshraða og áhugasvið. Gefið verður yfirlit yfir hvernig upplýsinga- og samskiptatækni (UST) er nýtt í skólastarfi, hver staðan er, hvaða möguleikar eru og hvað eykur eða hamlar notkun. Kynnt verða ný námsform, s.s. fjarnám og dreifnám, og hvernig UST er nýtt í því samhengi. Námssefnisgerð og verkefnagerð á Neti verður tekin fyrir og atriði því tengd s.s. hvað forrit henta og höfundaréttur. Kynntar verða sérstaklega aðferðir sem þykja henta við kennslu unglunga og fullorðinna.

Námsmarkmið: Að námskeiði loknu er stefnt að því að nemar:

- þekki mismunandi kennsluaðferðir með áherslu á kennslu unglunga og fullorðinna,
- geti valið viðeigandi kennsluaðferðir sem hæfa námsefni, aldri og getustigi nemenda og námsmarkmiðum hverju sinni,
- þekki helstu niðurstöður rannsókna á árangri ólíkra kennsluaðferða,
- geti útlistað kennslufyrirkomulag sem kemur til móts við mismunandi þarfir nemenda,
- þekki til notkunar upplýsinga- og samskiptatækni í skólakerfinu,
- þekki kennslufræði tölvunotkunar og hafi kynnist nýjum kennsluformum, s.s. fjarnámi og dreifnámi,
- þekki námsefnisgerð fyrir Netið og helstu forrit sem notuð eru í dag.

Námsmat: Verkefnavinna, æfingar, virkni og kynningar

Lesefni: Tilkynnt síðar

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, umræðutímar og verkefnavinna

Tungumál: Íslenska

ECTS: 10

Diplómanám í kennslufræði
Kennslufræði- og lýðheilsudeild, Háskólinn í Reykjavík